

8.-9.mars 2016



Ísafjarðarbær

Uppfærsla á menntun í takt við tækniþróun

Rakel Solvadottir



@RakelSolva



@SkemaEducation

skema
E D U C A T I O N

Áhersluatriði

8.-9.mars

1

IPAD FORRITUN

Kynna iPad forritun fyrir kennurum og nemendum unglिंगadeildar Grunnskóla Ísafjarðar.

2

MAKEY MAKEY

Notkun á Makey Makey tekin fyrir á vinnustofu fyrir kennara.

3

IPAD GRUNNUR - LEIKSKÓLAKENNARAR

iPad græjan kynnt fyrir leikskólakennurum og hvernig hún getur nýst þeim í leik og starfi.

Hvað er forritun?

Ólafur Örn (10 ára) og móðir hans Jóhanna Vigdís segja okkur frá sinni upplifun og hvernig Skema hefur haft áhrif á þau.

HVAÐ ER
FORRITUN?



iPad Forritun

Nemendur og kennarar fengu að kynna hvernig hægt er að nýta iPad í forritunarkennslu. Bæði nemendur og kennarar voru mjög áhugasamir.

Nemendahóparnir voru frá 25 (9.bekkur) upp í 43 (8. bekkur) sem var heldur mikið í einu.



Besta við þetta var að ganga um skólann og sjá krakkana í frímínútum að hanna borð í Floors og keppast við að klára Box Island leikinn.



iPad Forritun

Kennaranámskeiðið gekk ótrúlega vel þrátt fyrir fjöldann en það mættu 32 áhugasamir kennarar.

Öppin Box Island, Floors og Cargo Bot voru skoðuð ásamt nokkrum öðrum öppum. Kennararnir duttu alveg inn í Cargo Bot og voru bara ansi duglegir í flestu.



Gaman að segja frá því að nokkrir kennarar voru farnir að nota öppin í kennslu daginn eftir.



iPad Forritun



Box Island

Ókeypis & svo kaup inn í leik

Einstaklega flottur leikur til að kynna nemendum fyrir fyrstu skrefunum í forritun og til að efla rökhugsun.

Bónus = íslenskt hugvit.



iPad Forritun




Floors

Ókeypis

Með Floors frá PixelPress fá nemendur tækifæri til að hanna og skapa á blaði og varpa yfir í drög að tölvuleik í iPad sem hægt er að fínþússa og spila í framhaldinu.

Magnað app til að efla skapandi hugsun og kynnast tölvuleikjagerð.



iPad Forritun




Cargo-Bot

Ókeypis

Með Cargo-Bot fá nemendur að kynnast hugsuninni á bak við forritun, að brjóta niður verkefni, endurnýta forritskóða og síðast en ekki síst að efla rökhugsun og verkefnaúrlausn.

Þetta app er alvöru og var þróað á iPad fyrir iPad með appinu Codea.



Makey Makey



Kennarar sóttu 2 klst. vinnustofu í Makey Makey

10 kennarar mættu galvaskir og til í rafrásahakkið!

Kennurum var skellt beint í að tengja og prófa og gaman að sjá hvað þau voru til í að nördast og hvað þau stóðu sig frábærlega vel. Eftir grunnkennslu var þeim síðan skipt í þrjá hópa; einn bjó til leirfjarstýringu fyrir Mario bros, einn bjó til risa píanó og einn hljóðfæri úr vatnsglösum.



Hvernig getur hundur mjálmað?



iPad Grunnur

Leikskólakennarar

Haldin var iPad vinnusmiðja með fókus á leikskólastarf fyrir leikskólakennara. Mikil þörf var á grunnkennslu á iPad og mættu 38 manns.

Farið var yfir grunnstillingar á tækinu og hvernig það getur nýst í leikskólastarfi. Auk þessa voru nokkur öpp skoðuð sem nýst geta í leik og starfi = Georgs leikirnir, Photo booth, Quiver, Little Writer og Garage Band.



iPad Grunnur

Leikskólakennarar



Quiver Vision

Ókeypis & Education (\$ 7.99)

Með Quiver Vision getum við sýnt nemendum hvernig sköpunarverk þeirra geta vaknað til lífsins í því í iPad-inum. Hægt er að prenta út myndir sérsniðnar fyrir appið sem nemendur lita. Því næst beina þau spjaldinu að myndinni og sjá hana lifna við.

Magnað alveg hreint!



iPad Grunnur

Leikskólakennarar



Little Writer

\$0.99 eða Pro á \$1.99

Með Little Writer skemmta nemendur sér vel við að læra að draga til stafs.

#Stafir #Skrift #Skemmtun

Mæli klárlega með að fjárfesta í Pro útgáfunni. Sú útgáfa býður m.a. upp á að setja inn íslensk hljóð og setja inn eigin orð.



Þið stóðuð ykkur vel :)